



Iceland
STAÐARBERGI

SUÐURBRAUT 8



83 m² 34,9 millj. kr.

Falleg 3ja herbergja íbúð á efstu (þriðju) hæð í snyrtilegu fjölbýli á þessum fallega útsýnisstað á Holtinu. Íbúðin er 83 m² með geymslu.

KIRKJUVELLIR 3



128 m² 47,5 millj. kr.

Björt og falleg 4ra herb. íbúð á 4. hæð í vönduðu og góðu vel staðsettu lyftuhúsi. Góð geymsla í snyrtilegri sameign. Stutt í alla þjónustu.

SKÓGARÁS 5



302 m² 104,9 millj. kr.

Sérlega glæsilegt vandað einbýli, vel staðsett á glæsilegum útsýnisstað í Áslandshverfi. Fallegar innréttingar. Jaðarlóð við ósnortna náttúruna.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA


Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



MATHÚS BAR VON

Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is | facebook.com/vonmathus

Aukin áhersla á slátt og viðhald grænna svæða

Íbúar hafa áhyggjur af útbreiðslu lúpínu innanbæjar

Við síðustu fjárlagagerð var aukið framlag til viðhalds opinna svæða og hefur aukin áhersla t.d. verið lögð á gras-

slátt en verktakar hafa verið fengnir í að sinna sífellt stærri hluta þeirrar vinnu. Lítið hefur þó verið gert í að hindra

útbreiðslu lúpínu sem íbúar hafa lýst áhyggjum yfir þar sem hún vex innanbæjar, nálægt íbúðarhúsum.



Unglingar við hreinsunarvinna við Hlíðarberg.



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN
Dalshrauni 5
Opíð kl. 8-17 virka daga

TACTICA

TÖLVUÞJÓNUSTA

Alhliða
tækniþjónusta
fyrir þitt fyrirtæki

546 6000

Firði, Fjarðargötu 13-15

Skóðuðu tertúúrvalið á kókulist.is



Kókulist verslunarmóðstöðinni Firði Hafnarfirði
Kókulist Hólagötu 17 Reykjavík
Kókulist Síðberg 2 Garðabæ
Kókulist@kókulist.is 555 66 55

Nýr kínverskur veitingastaður að Reykjavíkurvegi 68

Taktu með eða
borðuðu á staðnum

Hádegisverðartilboð

Fimm réttir: **Aðeins 1.890 kr.**

Verið velkomin!

Anna Bin Dong

TILBOÐ 1

Djúpsteiktar rækjur
Steiktar núðlur
Svinakjöt í ostrusósu
Aðeins 2.250 kr.
Fyrir 2 eða fleiri

TILBOÐ 2

Djúpsteiktar rækjur
Steiktar núðlur
Kong Pao kjúklingur
Svinakjöt í súrsætri sósu
Aðeins 2.450 kr.
Fyrir 2 eða fleiri

TILBOÐ 3

Djúpsteiktar rækjur
Steiktar núðlur
Kong Pao kjúklingur
Vorrúllur með grænmeti
Lambakjöt í karrysósu
Aðeins 2.750 kr.
Fyrir 2 eða fleiri



Liyuan

Chinese Restaurant

REYKJAVÍKURVEGI 68 — 551 8168

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

Vill vita kostnað vegna meirihlutasáttmála

Ekki hefur verið upplýst um kostnað af stefnuyfirlýsingu meirihlutans

Guðlaug Kristjánsdóttir bæjarfulltrúi Bæjarlistans spurðist fyrir á fyrsta fundi bæjarstjórnar um kostnaðaráætlun meirihlutasáttmála Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks, aðallega vegna sérgreindra verkefna. Var óskað eftir svara í bæjarráði sem fer með umboð bæjarstjórnar í sumarfríi hennar. Málið var tekið fyrir á fundi bæjarráðs sl. fimmtudag en málinu var frestað til næsta fundar bæjarráðs.

Sérstaklega voru tilgreind eftirfarandi verkefni sem óskað var eftir upplýsingum um kostnað við:

- Stjórnsýsluúttekt
- Matráðar í skólum
- Sængurgjöf
- Aukin framlög og styrkir í mennta- og menningarmálum
- Hækkun frístundastyrkja

- Hjólabrettasvæði
- Hreyfigarður
- Knaðhús Kaplakrika
- Knaðhús Ásvöllum
- Endurbætur á Suðurbæjarlaug
- Uppbygging hjóla- og gönguleiða
- Rafhleðslustöðvar
- Framboð lóða í samræmi við eftirspurn
- Endurbætur á Helliggerði
- Þjónustustarfsemi í Krýsuvík
- Lækkun gjalda almennt
- Lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði

Sagði Guðlaug að sáttmálinn inniheldi fjölmörg verkefni sem muni kosta aukin útgjöld, fjölgun stöðugilda og fleira. Einnig mörg markmið um minni innheimtu gjalda.

Gaf heilsugæslu blóðþrýstingsmæli og barnavogir



Thelma B. Árnadóttir, fagstjóri hjúkrunar; Ólöf Helga Júlíusdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir yfirlæknir; Sesselja G. Sigurðardóttir, Elísabet Guðmundsdóttir, formaður Kaldár, Vigdís I. Ásgeirsdóttir; Jörunn Jörundsdóttir, Steinunn Bjarnadóttir, Helga R. Stefánsdóttir og Jörundur Kristinsson lækni.

Þann 25. maí sl. afhenti Lionsklúbburinn Kaldá gjafir til Heilsugæslunnar í Firði, blóðþrýstingsmæli á standi og tveir ungbarnavogir.

Yfirlæknir stöðvarinnar Guðrún Gunnarsdóttir og Thelma B. Árnadóttir fagstjóri hjúkrunar tóku á móti gjöfunum en formaður klúbbsins, Elísabet Guðmundsdóttir og formaður verkefnaneftir, Jörunn Jörundsdóttir afhentu gjafimar.

Lionsfélagar í Kaldá þakka bæjarbúum fyrir stuðning á liðnum árum.

Þrír höfundar

Þær voru þrjár sem settu saman greinina um stærðfræðiafventýri í Frakklandi í síðsta blaði, þær Áróra Friðriksdóttir, Eva Bryndís Ágústsdóttir og Katla Guðnadóttir.

leiðarinn



Órói virðist vera meðal íbúa í Áslandi 3 um nýja Ásvallabraut ef marka má umræður á fésbókarhópi hverfisins. Þar eru áberandi skoðanir um að í engu hafi verið tekið tillit til athugasemda íbúa á sama tíma og stjórnálamenn og embættismenn telja að komið hafi verið á móts við íbúa.

Deilurnar snúast um nálægð Ásvallabrautar við hús í hverfinu og komu margar athugasemdir við deiliskipulagstillögu. Vegurinn átti, skv. upphaflegu skipulagi að vera nær hverfinu en hefur verið fluttur fjær og hljóðmanir hafa verið bættar. Íbúar vilja veginn suður fyrir hesthúsin en sú leið hefur verið talin óhagstæð.

Það er slæmt ef íbúar telja ekkert tillit tekið til athugasemda þeirra og að öllum athugasemdum hafi verið svarað í einu yfirborðskenndu svari. Það hlýtur að vekja spurningar um þær aðferðir sem notaðar eru til að hafa samráð við íbúa. Það má einnig spyrja sig af hverju áhugi íbúa kemur sjaldnast fyrir en þegar liður að framkvæmdastigi en lítill áhugi er oftast á kynningu á undirbúningi skipulagsbreytinga.

Það hlýtur að vera hægt að finna aðferðir sem leiða af sér jákvæðara og betra samstarf við íbúa. Hafnarfjörður er sameign íbúanna og vegir milli hverfa skipta alla bæjarbúa máli, ekki aðeins þá sem búa næst þeim vegum hverju sinni.

Nú hefur skipulags- og byggingarráð vísað skipulagsbreytingum, sem í bæjarstjórn var frestað fram yfir kosningar og svo vísað til skipulagsráðs aftur, til bæjarstjórnar sem kemur næst saman í ágúst eftir sumarfrí. En framkvæmdir við færslu á Kaldárselsvegi eru hafnar eins og allt hafi þegar verið samþykkt.

Guðni Gíslason ritstjóri.

TIL LEIGU

Gott 77 m² atvinnuhúsnæði fyrir léttu starfsemi, skrifstofu, vinnustofu e.þ.h. til leigu að Hvaleyrarbraut 68.

Upplí síma 555 2585 milli kl. 10 og 17.



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 8. júlí

Messuheimsókn

Farið í messuheimsókn í Garðakirkju kl. 11.

Sunnudagur 15.-29. júlí

Helgistund kl. 11

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

Ný barna-verndarnefnd

Eftir gagnrýni um að allir tilnefndir fulltrúar í barnaverndarnefnd væru konur frestaði bæjarstjórn kjöri í nefndina og það kom í hlut bæjarráðs sl. fimmtudag að skipa í nefndina. Eftirtaldir eru nú í nefndinni:

Þórdís Bjarnadóttir, D, formaður
Mjöll Flosadóttir, D
Jóhanna Erla Guðjónsdóttir, B
Dagbjört Rún Guðmundsdóttir, S
Heimir Hilmarsson, C.

Bæjarráð samþykkti nýjar lántökur

Bæjarráð, í umboð bæjarstjórnar, samþykkti á fundi sínum sl. fimmtudag lántökur í samræmi við fjárhagsáætlun, eins og það er orðað í fundargerð og fól bæjarstjóra að ganga frá lántökunni í samræmi við minnisblað. Ekki kom fram í fundargerðinni til hvers lántökurnar væru og þarf skýringa á þeim að leita í fjárhagsáætlun.

Aron Rafn til þýskaland



Hafnfirski markvörðurinn Aron Rafn Eðvarðsson, sem undanfarið hefur leikið með ÍBV er á leið til þýska B-deildarliðsins Hamburger Sport-Verein. Aron er uppalinn Haukamaður.

HSV varð gjaldþrota 2015 eftir að hafa sigrað í Meistaradeild Evrópu 2013 og þurfti að byrja frá botninum á ný. Er liðið nú því nýliði í B-deildinni.

Vísir greindi frá þessu á þriðjudag.

SÖNGHÁTÍÐ Í HAFNARBORG

7.–15.7.2018

Sjö tónleikar • Söngsmiðja fyrir börn
Kristinn Sigmundsson: Master Class
Námskeið í íslenskum þjóðlögum
Söngnámskeið fyrir áhugafólk



LISTAMENN Á TÓNLEIKUM:

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir • Symphonia Angelica
Olga Vocal Ensemble • Funi • Þóra Einarsdóttir
Francisco Javier Jáuregui • Kristinn Sigmundsson
Ástríður Alda Sigurðardóttir • Gadus Mordhua • Cantoque
Listrænn stjórnandi: Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

www.songhatid.is



Hafnarborg



HAFNARBORG



100 FULEVELDI ISLANDS



Ministry of Education and Science



Ministry of Education and Science

Engin fata, ekkert vatnssull – bara svo miklu einfaldara og þægilegra að skúra.

Mamibot

Þráðlausa skúringavélin er komin aftur

Allir þeir sem kaupa vél hjá okkur og framvísa þessari ávísun fá vélina á **26.150.-** og auka blautmoppu sett með í kaupbæti.

Fullt verð: 32.390.-

I Heildverslun
Sími: 555-2585

Hvaleyrarbraut 35
www.ihverslun.is

Gildir til: 8. júlí



Starfsfólk Stekkjaráss fékk viðurkenningu

Fengu viðurkenningu fyrir breytta menningu í útiveru barna á leikskólalóðinni

Nú á dögnum hlaut starfsfólk leikskólans Stekkjaráss viðurkenningu fræðsluráðs Hafnarfjarðar. Viðurkenninguna fékk starfsfólkið fyrir breytta menningu í útiveru barnanna á lóð leikskólans.

Upphaf breyttrar menningar má rekja til hugmynda starfsmanns Stekkjaráss sem er í námi til M.ed. gráðu í leikskólakennarafræðum. Þessi nemi vildi skoða hvernig hann gæti haft áhrif á menningu leikskólans í útiveru á lóð leikskólans og kom með þá hugmynd til starfsfólks að boðið yrði upp á svo kallaðar útistöðvar tvisvar í mánuði.

Þátttaka og jákvætt viðhorf starfsfólksins alls sýndi sig með fádæma góðum undirtektum og virkni á útistöðvadögum sem hafa einnig yfirfærst á virkni og námsframboð í útiveru í garði alla daga.

Meðal útistöðva má nefna vatnsveitu, froðudiskó, leik með skugga, útiþing, drullumall, sápuvélur, flugdreka, stafabrautir og björgunarsveitastöð.



Ofbýður sóðaskapur frá fiskvinnslu

Afrennsli við þrif á fiskikörum flæðir út á fjölfarna Hvaleyrarbrautina

Ólafur Einari, íbúi á Hvaleyrarholti segir sér ofbjóða sóðaskapurinn sem viðgengst hjá fyrirtæki á neðri hæð Hvaleyrarbrautar 41.

„Þegar verið er að þrifa gáma og fiskikör er afrennslið látið renna óhindrað yfir Hvaleyrarbrautina og yfir gang-

stétt hinum megin götunnar. Þetta fer inn í hjólskálur bifreiða og dekk og berst með þeim í bílgeymslur og bílastæði. Einnig vaða gangandi vegfarendur í sullinu,“ segir Ólafur Einar.

Hann segist hafa kvartað yfir þessu við starfsmenn bæjarskrifstofunnar við




Fiskimengað vatnið rennur óhindrað yfir Hvaleyrarbrautina.



Strandgötu, við starfsmenn þjónustumiðstöðvar Hafnarfjarðarbæjar á Gjáhellu og við Heilbrigðisfirlit Hafnar-

fjarðar- og Kópavogssvæðis en engin viðbrögð hafi verið sýnileg.



GERÐU EINFALT

ENN

EINFALDARA!

..... Borgaðu fyrirfram um leið og
þú pantar með appi eða á netinu.



DOMINO'S APP WWW.DOMINOS.IS

Í SAMVINNU VIÐ
VALITOR

SMÁUGLÝSINGAR

þjónusta

Bílaþrif. Kem og sæki. Þvottur og bón vermdar bílinn. Úrvæls efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í síma 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakka. Sýnishorn á siggileifa123.is sími 8637265 sigill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

Garðsláttur í einum grænum.

Tek að mér garðslátt í smærri og stærri gördum. Hagstætt verð. Geri tilboð. Uppl. í s. 845 2100.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Tónleikar og námskeið á Sönghátíð í Hafnarborg

Skráning hafin á námskeið Sönghátíðar í Hafnarborg

Sönghátíð í Hafnarborg er tónlistarhátíð sem hefur það að markmiði að koma list raddarinnar á framfæri. Hátíðin stendur yfir 7.-15. júlí og er hluti af Fullveldishátíð 1918-2018. Boðið er upp á sjö tónleika og fjögur námskeið. Á tónleikunum koma fram m.a. Kristinn Sigmundsson, Þóra Einarsdóttir, Symphonia Angelica, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Eyjólfur Eyjólfsson, Björk Nielsdóttir, Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, Funi, Duo Atlantica og sönghóparnir Cantoque og Olga Vocal Ensemble. Hátíðin heldur úti YouTube-stöð með viðtölum við söngvara um söngtækni. Stjórnendur Sönghátíðar í Hafnarborg eru Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir og Francisco Javier Jáuregui.

Skráning er hafin á námskeiðin sem verða í Hafnarborg. Ingibjörg Friða og Sigurður Ingi leiða tónlistarsmiðjur fyrir krakka, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzosópran kennir á söngnámskeiði fyrir áhugafólk, Kristinn Sigmundsson bassi kennir á masterclass námskeiði fyrir unga söngvara en Bára Grímsdóttir og Chris Foster í Funa leiða áhugafólk um íslenskan þjóðlagasöng á námskeiðinu Syngjum og kveðum saman.

TÓNLISTARSMIÐJA FYRIR 6-9 ÁRA

Í tónlistarsmiðjunni 9.-14. júlí verður aðaláhersla lögð á skapandi og skemmtilega vinnu með þjóðsögur og þjóðlög. Hvað er þjóðlag? Eru öll þjóðlög um tröllskessur og álfa? Er hægt að búa til þjóðsögu? Þátttakendur kynna þjóðlögum og sögum frá Íslandi og öðrum löndum í gegnum leik, spuna og tónlistarvinnu með leiðbeinendum. Saman munu krakkarnir undirbúa atriði og koma fram á lokatónleikum Sönghátíðar. Námskeiðið er fyrir öll börn á aldrinum 6-9 ára, sem hafa gaman af sögum og tónlist, hvort sem þau hafa tónlistarbakgrunn eða ekki.

SÖNGSMIÐJA FYRIR 10-12 ÁRA

9.-14. júlí verður söngsmiðja fyrir krakka á aldrinum 10-12 ára, sem elska að syngja og spila tónlist! Þau fá þjálfun í að læra lög eftir eyranu, búa til eigin útsetningar, syngja í röddum, syngja í keðjusöng og að semja sín eigin lög. Íslensk þjóðlög og þjóðsögur verða rauður þráður í gegnum námskeiðið



Frá sönghátíðinni í Hafnarborg 2017.

enda hafa Íslendingar sungið sig í gegnum lífið í mörg hundruð ár. Þátttakendur kynna þjóðlögum og sögum frá Íslandi og öðrum löndum í gegnum leik, spuna og tónlistarvinnu með leiðbeinendum. Saman munu krakkarnir undirbúa atriði og koma fram á laugardagstónleikum Sönghátíðar.

SÖNGNÁMSKEIÐ FYRIR ÁHUGAFÓLK

Á námskeiðinu 7.-8. júlí fer mezzosópraninn Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir í ýmislegt varðandi söngtækni, svo sem líkamsstöðu, öndun, stuðning, sérhljóðamyndun, að syngja hreint, hátt og lágt, veikt og sterkt. Námskeiðið er tilvalið fyrir alla þá sem hafa gaman af því að syngja, t.d. í kór, en eru ekki í formlegu söngnámi. Aldurslagmark er 13 ár, en það er ekkert aldurshámark.

MASTER CLASS MEÐ KRISTNI SIGMUNDSSYNI

Einn af reyndustu söngvurum Íslands fyrr og síðar, bassasöngvarinn Kristinn Sigmundsson, mun kenna langt komnum söngnemendum og ungum söngvurum á master class námskeiði 9.-12. júlí. Píanóleikari námskeiðsins er Matt-hildur Anna Gísladóttir. Námskeiðið er fullt fyrir virka þátttakendur, en hægt er að fylgjast með sem hlustandi.

SYNGJUM OG KVEÐUM SAMAN, 13. JÚLÍ

Bára Grímsdóttir og Chris Foster í Funa leiða þátttakendur í því að syngja

og kveða stemmur, tvísöngslög og fleiri íslensk þjóðlög. Öll lögin verða kennd eftir heyrn en þau verða einnig til á nótum fyrir þá sem vilja.

Öll námskeiðin fara fram í Hafnarborg, Strandgötu 34 og er skráning á hafnarborg@hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar á songhatid.is



GRÓÐRARSTÖÐIN ÞÖLL

Tré og
runnar
í garðinn
þinn

v/Kaldárselsveg
555 6455 - 894 1268

www.skoghf.is



Kaldárselsvegur. Brátt munu tréljósastaurar með loftlinum heyra sögunni til í Hafnarfirði.

AUGLÝSINGAR

Náðu til Hafnfirðinga

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

Rattleikur Hafnarfjarðar

Þú getur tekið þátt!

Stendur til 25. september

Rattleikskortin má fá á sundstöðum, í bókasafninu, ráðhúsinu, bensínstöðvum, í Fjarðarkaupum, Fjallakofanun, Altis, og víðar.

Fylgstu með á www.facebook.com/rattleikur



Fjallgrensbalar



Kýrskarð / Dalaleið



Hrauntungustigur



Hrauntunguskúti

Fjölmargir glæsilegir vinningar!



Áttu erfitt með
að slaka á, festa
svefn eða fá góða
næturhvíld?

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum
Hagkaupum, Nettó og Fríhöfninni Keflavíkur-
flugvelli.



ICEHERBS
NATURA ISLANDICA

20%
AFSLÁTTUR
Í JÚLÍ



www.iceherbs.is

Vinna hafin við ný hringtorg og breytingu á Kaldárselsvegi

Fjárhúsin við Flóttamannavegin rifin



Lýsm: Guðni Grásson

Þrátt fyrir að ekki sé búið að samþykkja skipulagsbreytingar vegna Ásvallabrautar eru framkvæmdir við breytta legu Kaldárselsvegar hafnar en

með breytingu á legu hans er gert rými fyrir hringtorg sem tengir Kaldárselsveg, Elliðavatsveg (Flóttamannaveg) og nýja Ásvallabraut og annað



Lýsm: Guðni Grásson



ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

hringtorg sem tengir Kaldárselsveg, Kletthlíð og Brekkúásinn.

Við framkvæmdina var þörf á að rífa síðustu fjárhúsin sem eru nálægt byggð í Hafnarfirði og hófst vinna við niðurrif þeirra sl. þriðjudag. Mun þar koma hringtorg.

BERFÆTT Á PALLINUM Í SUMAR

ENGAR SJÁANLEGAR SKRÚFUR ✓

ENGAR FLÍSAM ✓

AUÐVELT Í NOTKUN ✓

GLAÐIR MJÚKIR FÆTUR ✓



Essve kynnir hið fullkomna HDS (Hidden Decking System) festingakerfi fyrir klæðningar og sólpalla. Skrufurnar eru skrúfaðar skáhalt í hlið borðann með þar til gerðri töng sem stillir líka bilið á milli borða. Þetta system gefur snyrtilega og fallega ásynd á pallinn og kemur í veg fyrir að borðin springi og úr þeim flísist. FerroZink hf. 533-5700 og 460-1500

ESSVE

GET IT DONE